

Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundur 22. janúar 2020

18. fundur 2018 - 2022

Fundarstaður: Héðinsminni og hefst fundur klukkan 13.30.

Mætt: Drífa Árnadóttir, Einar Gunnarsson, Eyþór Einarsson, Þorkell Gíslason og Hrefna Jóhannesdóttir

Fundargerð:

Í upphafi fundar óskaði oddviti eftir því að taka inn eitt mál með afbrigðum: sölutilboð í Laugaveg 17, Varmahlíð.

1. Fjárhagsleg málefni

- a) Fasteignaskattur 2020.

Drög að reglum um innheimtu fasteignagjalda rædd og samþykkt. Hreppsnefnd Akrahrepps samþykkir að hækka tekjumörk varðandi tekjutengdan afslátt af fasteignagjöldum og mun það nýtast tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum í Akrahreppi.

- b) Hvatapeningar, lagt fram til umræðu og afgreiðslu.

Hreppsnefnd Akrahrepps samþykkir að lækka aldur barna sem eiga rétt á hvatapeningum úr 6 ára aldri niður í 0 ár. Styrkupp hæð er óbreytt frá fyrra ári, 25.000 kr.

- c) Styrkumsókn vegna félagsstarfs eldri borgara á Löngumýri veturinn 2019-2020.

Samþykkt að verða við styrkbeiðninni og styrkja félagsstarfið um 50.000 kr. veturinn 2019-2020, styrkurinn er áætlaður í húsaleigu.

- d) Tvö sölutilboð bárust í Laugaveg 17, Varmahlíð.

Lögð fram tvö tilboð í fasteignina Laugavegur 17, Varmahlíð, F2140812 sem er í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar (75% eignarhlutur) og Akrahrepps (25% eignarhlutur). Hreppsnefnd Akrahrepps samþykkir fyrir sitt leiti að taka hærra tilboðinu.

2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- a) Fundargerð 51. fundar stjórnar SSVN frá 17. janúar. Lögð fram til kynningar.
- b) Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem boðað er til XXXV. landsþings sveitarfélaganna í Reykjavík 26. mars nk.

3. Erindi og umsagnir

- a) Sameiginleg umsögn Akrahrepps, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Húnavatnshrepps og Húnaþings vestra um framvarp til laga um Hálandisþjóðgarð. Umsagnarfrestur var til 20. janúar 2020.

Sveitarfélögin leggjast gegn framgangi frumvarpsins í núverandi mynd. Sjá umsögnina í heild sinni [hér](#).

- b) Erindi frá Húsverði Héðinsminnis varðandi viðhald og framkvæmdir í húsinu á árinu.

Ákveðið að hefja viðhald sem fyrst.

- c) Erindi frá SSNV varðandi fjölda og skiptingu þingfulltrúa á þing samtakanna.

Öbreytt frá Akrahreppi, 2 þingfulltrúar.

- d) Í lok síðasta árs var skipaður átakshópur fimm ráðuneyta sem átti að koma með tillögur um eflingu innviða í kjölfar fárviðrisins sem gekk yfir landið 10.-11. desember 2019. Hópurinn óskaði eftir upplýsingum frá SSNV og sendi svf. Akrahreppur inn stutta greinargerð til framkvæmdastjóra samtakanna. Átakshópurinn mun kynna tillögurnar þegar þær liggja fyrir.

4. Önnur mál

Hér undir skýrsla oddvita.

Hreppsnefnd hefur ákveðið að hafa fastan fundartíma fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði klukkan 13.00, með þeirri undantekningu þó að næsti fundur er ákveðinn 4. mars nk.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 16.23